



Umhverfi - Umhyggja

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Að byrja í leikskóla *Handbók fyrir foreldra*



Leikskólinn Undraland
sími 480 6620
undraland@undraland.is
<http://undraland.is/>

Verið velkomin í leikskólann Undraland

Kæru foreldrar.

Um leið og við bjóðum barnið ykkar og ykkur velkomin í leikskólann okkar, viljum við gefa ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra að vita.

Um leikskólann okkar

Leikskólinn Undraland hefur verið starfræktur í rúm þrjátíu ár, en í desember 2003 fluttum við í núverandi húsnæði. Leikskólinn er byggður fyrir 70 börn. Deildirnar eru þrjár og eru kenndar við gömul eyðibýli hér í Hreppnum; Skógarkot, Heiðarkot og Móakot.

Starfsgrundvöllur

Leikskólastarfið byggist á lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla sem er lögfest námskrá allra leikskóla og skólanámskrá Undralands. Leikskóli er uppeldis- og menntastofnum þar sem börn þroskast og læra í gegnum leik.



Samkvæmt lögum um leikskóla skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrð. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

- Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:
 - a) að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
 - b) að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
 - c) að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
 - d) að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
 - e) að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
 - f) að rækt hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegrar samskipta.

Leiðirnar sem við förum til að ná þessum markmiðum eru í gegnum allt okkar daglega starf með börnunum hvort sem er við matarborðið, í fataklefanum, útiveru eða öðru sem við tökum okkur fyrir hendur. Börnin eru að læra og þjálfast sig allan daginn. Við leggjum áherslu á virðingu, nálægð, hlýju og umhyggju sem hluta af uppeldisstarfinu.

Markmið Undralands


Að barnið:

- - tileinki sér þá hæfni sem það krefst að takast á við sjálfan sig og lífið í samskiptum við aðra.
- - læri að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs.
- - beri virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu.
- - öðlist hæfni í að tjá sig og afla sér þekkingar.

Lífsleikni okkar sækjum við í samfélagið, menninguna og til þeirra fyrirmynda sem eru allt í kringum okkur.

Við hvetjum börnin til að hugsa sjálfstætt með því að fá þau til að spyrja spurninga og leita svara. Hvað – Hvernig – Hvers vegna.

Sterk sjálfsvitund og hæfileikinn til að lifa lífinu lifandi er besta ferðanestið út í lífið sem við getum gefið börnunum okkar.





Stefna leikskólans

Við leggjum áherslu á leikinn í öllum hans myndum og setjum hann í öndvegi, vegna þess að í leiknum felst námið. Hann er kennsluáferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Frjáls og sjálfssprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Reynsla barnsins tekur oftast á sig form leiksins. Í frjálsum leik eru mikilvægir uppeldiskostir sem geta eftt alhliða þroska barnanna, þ.e. líkams-, tilfinninga-, félags-, vitsmuna-, siðgæðis og fagurþroska. Leikurinn er líf barnsins og starf. Segja má að í bernsku sé það að leika sér sama og að læra og afla sér þekkingar. Fjölbætt reynsla elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og nýja færni.

Við byggjum starf okkar á hugmyndafræði Loris Malaguzzi. Undanfarna áratugi hefur þróast á Norður Ítalíu hugmyndafræði sem vakið hefur verðskuldaða athygli víða um heim. Þessi hugmyndafræði er kennd við borgina Reggio Emilia og er Loris Malaguzzi aðalfrumkvöðullinn og hugmyndasmiðurinn að henni. Loris Malaguzzi leit á menntun sem samfélagslegt ferli, hlutdeild í menningu og áleit að hún ætti að einkennast af trausti og virðingu fyrir ómældri getu barna til að afla reynslu og þekkingar á eigin forsendum.

Leggja ætti áherslu á að börnin kynnist því liðna til að flétta inn í nútíðina og byggja framtíð í gegnum sameiginlegar uppgötvanir. Hafa fæturna tryggilega á jörðinni og höfuðið í hugmyndafluginu. Mikil áhersla er lögð á að efla sjálfsmynd, söguvitund, grenndarvitund og umhverfisvitund. Eitt af grundvallarviðhorfum Malaguzzi, er að sjá sérhvert barn sem einstakt og að það sé sjálft aðalpersónan hvað varðar eigin vöxt og þroska. Ef maður vill kynnast börnum verður maður líka að kynnast veröld þeirra. Hlusta, horfa opið og spyrjandi á þau og kynna okkur leiki þeirra.

“Börn eru gullnáma en hlutverk fullorðinna er að fá gullið til að glóa”.

Aðlögun

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess, því er nauðsynlegt að fá góðan tíma til að kynnast starfsemi í leikskólanum, starfsfólkinu og börnunum. Aðlögun að leikskólanum Undralandi miðast við þrjá daga. Foreldrar og barn verja þessum tíma saman. Barnið upplifir nýjar athafnir í leikskólastarfinu með foreldri sér við hlið og foreldrar fá tækifæri til að kynnast leikskólastarfinu með barni sínu. Hornsteinn er lagður að öryggi og vellíðan barnsins og samstarfi heimilis og skóla.



Stundaskrá

Stundaskráin myndar ramma um uppeldisstarfið í leikskólanum. Það heldur starfinu í leikskólanum í hæfilega föstum skorðum og skapar öryggi og festu sem eykur vellíðan barna og starfsfólks. Börnin vita að hverju þau ganga á degi hverjum og stundaskráin kemur í veg fyrir óþarfa biðtíma og árekstra í samskiptum. Meiri tími gefst til uppbyggilegra leikja og starfa. Fastir liðir svo sem matmálstímar og útivera skipa stóran sess í skipulaginu, ásamt námi og leik.

- 07:45 – 9:00 Leikskólinn opnar, frjáls leikur
- 08:00 -- 9:00 Fundir deilda og stjórnenda
- 09:00 – 11:00 Náms og leikur úti /inni, morgunhressing.
- 11:00 – 12:30 Samverustund, hádegisverður og hvíld
- 12:30 – 14:30 Náms og leikur úti/inni
- 14:30 – 15:00 Síðdegishressing
- 15:00 – 16:00 Frjáls leikur
- 09:00 – 16:00 Undirbúningstímar starfsfólks felldir inn í stundarskrána. Leikskólakennarar; 4-5 klst. á viku, leiðbeinendur; 1-1,5 klst. aðra hvora viku.
- 16:00 Leikskólinn lokar

Nám og leikur: Unnið er að ýmsum verkefnum í litlum sem og stórum hópum með öll námssviðin samofin og umlykjandi. Myndlist, málörvun, íþróttahús og útikennsla.

Samverustund:

Söngur: Lærum fjölbreytta texta og ritma. Söngstundin er byggð á tónum og hreyfingu.

Hvíld:

Svefn hjá yngri börnum en hjá þeim eldri er lestur og hvíld.

„Í leikskóla á velferð og hagur barna að vera að leiðarljósi í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Settir hafa verið fram eftirfarandi grunnþættir menntunar. Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið“.

(Aðalnámskrá leikskóla 2011)



Útikennsla

Útikennsla er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem fínhyfingum, grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði. Útivera er holl öllum börnum og við notum nærumhverfið mikið í okkar námi. Förum í heimsóknir í fyrirtæki, vinnum verkefni í skóginum og förum í gönguferðir. Þetta gerum við í öllum veðrum. Þess vegna er mikilvægt að börnin séu klædd í samræmi við veður og einnig að þau hafi næg aukaföt. Yfir sumartímam með hlýnandi veðri og hækkandi sól, lengist útiveran.

Útbúnaður

- ❖ Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og hafa ber í huga að veður getur breyst snögglega.
- ❖ Merkja skal öll föt barnanna á greinilegan hátt.
- ❖ Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann.
- ❖ Í leikskólanum er unnið með ýmis efni og áhöld sem geta skemmt föt. Vinsamlegast gætið þess að barnið sé ekki í fötum sem ykkur er sérstaklega annt um.
- ❖ Vinsamlega tæmið hólf barnsins í vikulok til að auðvelda þrif.

Máltíðir

Leikskólinn sér um morgunhressingu og síðdegishressingu. Mötuneyti Flúðaskóla eldar hádegisverðinn fyrir leikskólann. Leitast er við að hafa hollan og einfaldan mat á borðum. Grænmeti og eða ávextir eru alltaf í boði. Vinsamlega látið deildarstjóra vita strax ef barn hefur ofnæmi fyrir einhverjum fæðutegundum ásamt læknisvottorði þess efnis.

Sérkennsla

Sérkennslustjóri heldur utan um sérkennslumál skólans og sér um sérkennslu og skipulagningu á þjálfun tengdri þeirri kennslu. Öll sérkennsla er í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Foreldrasamvinna

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því að oft geta lítil atvik í lífi barnsins, valdið breytingum á hegðun þess.

Foreldrar eru velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram. Foreldrum er velkomið að hringja í leikskólann til að spyrja um barnið og eins mun starfsfólk hringja ef þörf krefur. Munið eftir upplýsingatöflunum fyrir framan deildirnar þar sem fram koma upplýsingar til foreldra.

Foreldrum ber að virða þann dvalartíma sem samið hefur verið um.

Foreldrafundur

Sameiginlegur fundur foreldrafélagsins og leikskólans er haldinn einu sinni á ári að hausti. Í foreldrafélagi leikskólans eru allir foreldrar barnanna í leikskólanum. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best.

Foreldrasamtöl

Tvisvar á ári hittast foreldrar og leikskólakennari barnsins til formlegs samtals um gengi barnsins í leikskólanum. Að sjálfsögðu geta báðir aðilar einnig óskað eftir viðtali hvenær sem þurfa þykir. Við hvetjum foreldra að láta samtölin ekki fram hjá sér fara.

MUNIÐ AÐ STARFSFÓLK ER BUNDIÐ ÞAGNARSKYLDU.

Viðtalstímar

Stjórnendateymi leikskólans; skólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar eru til viðtals alla daga.

Skipulagsdagar

Fimm skipulagsdagar eru á ári hjá starfsfólki leikskólans. Leikskólinn er lokaður þessa daga og einnig þann dag sem starfsfólk sækir haustþing félags leikskólakennara. Þessir dagar eru m.a. notaðir til að:

- Undirbúa starfið.
- Vinna að námskrárgerð.
- Fræðast og efla sig í starfi.

Haustþing og skipulagsdagar eru merktir á skóladagatali sem gefið er út fyrir hvert skólaár og er aðgengilegt á heimsíðu leikskólans.

Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarfi leik- og grunnskóla á Flúðum byggist á gagnkvæmum heimsóknnum og sameiginlegum verkefnum. Deildarstjóri Skógarkots og umsjónarkennari 1. bekkjar halda utan um samstarfið. Markmiðið með samstarfinu er að brúa bilið milli skólastiga og gera börnin öruggari í skólaumhverfinu. Sameiginleg læsisstefna beggja skólastiga er tilbúin og hana má lesa á heimasíðu leikskólans.

Hefðir og hátíðir

Við fylgjum kirkjuárinu. Undirbúum og höldum trúarlegar hátíðir á þeim forsendum sem þær eru haldnar. Í Undralandi er haldin jólaskemmtun með hefðbundnum hætti börn og foreldrar mæta, syngja og dansa í kringum jólatréð.

Foreldrafélagið hefur undanfarin ár haldið utan um öskudagsballið þá koma börnin í búningum að heiman.

Hápunktur vetrarstarfsins er Vorsýningin þá eru allir velkomnir í leikskólann að skoða verk barnanna.

Afmæli

Þegar börnin eiga afmæli flöggum við íslenska fánanum, kveikjum á kerti, mynd af afmælisbarninu er hengd í aðalinngangi leikskólans, barnið býr til kórónu, við syngjum afmælissönginn okkar og barnið velur sér leirtau í matar og kaffítímum. Þau börn sem eiga afmæli í sumarleyfismánuði halda upp á afmælið sitt annaðhvort fyrir eða eftir sumarfrí. Athugið það er ekki leyfilegt að koma með boðskort í leikskólann nema í samráði við deildarstjóra.

Óhöpp, slys, veikindi og lyf

Ef barn veikist í leikskólanum eða verður fyrir slysi er hlúð að barninu þar til foreldrar sækja það. Náist ekki í foreldra eða ef um alvarlegt slys/veikindi er að ræða er farið með barnið beint á slysideild eða heilsugæslustöð. Barnið er slysatryggt meðan það dvelur í leikskólanum. Innivera í tengslum við veikindi verður að vera í samráði við deildarstjóra. Ekki eru gefin lyf í leikskólanum nema tilkomi vottorð frá lækni um að lyfjagjöf sé nauðsynleg þann tíma sem barnið dvelur í leikskólanum.

Viðburðadagatal

Gefið er út dagatal fyrir hvern mánuð þar sem koma fram upplýsingar um viðburði mánaðarins, foreldrar fá það sent með tölvupósti.

Leikföng að heiman

Börnum er velkomið að koma með leikföng/dót að heiman. Reglan er að það sé eitt leikfang, að það komist fyrir í hólfi barnsins og að leikfangið sé merkt. Leikskólinn ber ekki ábyrgð á þeim leikföngum eða hlutum sem börnin koma með að heiman.

Sérfræðiráðgjöf við leikskólann

Við höfum kost á að kalla inn talkennara, iðjuþjálfara, sálfræðing og félagsráðgjafa. Hafi foreldrar einhverjar áhyggjur af fráviki í þroska barnsins s.s. í máli, hreyfingu eða öðru eiga þeir kost á því að fá þessa þjónustu fyrir barn sitt í gegnum leikskólann. Því fyrir sem gripið er inn í því betur stendur barnið sig í áframhaldandi námi.

Sumarleyfislokun og aðrar lokanir

Leikskólinn er lokaður í sex vikur, allan júlí mánuð og fram í miðjan ágúst. Foreldrar greiða ekki fyrir samfellt sumarfrí. Jafnframt er leikskólinn lokaður á aðfangadag, gamlársdag, réttardag og frá kl:13:00 daginn sem jólaball kvenfélagsins er.

Gagnlegar upplýsingar

Mikilvægt er að barnið mæti vel og stundvíslega í leikskólann. Foreldrum ber að virða þann tíma sem barninu er úthlutað.

Foreldrar þurfa að láta starfsfólk vita þegar barnið kemur og þegar það er sótt. **Þetta er öryggisatriði.** Látið vita ef einhver annar en foreldri sækir barnið. Börnum **yngrri en 12 ára** er að jafnaði ekki heimilt að sækja barn í leikskólann, jafnvel þó um systkini sé að ræða.

Foreldrar eru beðnir að tilkynna ef barnið er fjarverandi vegna veikinda eða annarra forfalla.

Foreldrum ber að tilkynna leikskólanum um breytingar á högum sínum, s.s. breytt heimilisfang, símanúmer, vinnusíma og breytta hjúskaparstöðu.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður og miðast við 1.hvers mánaðar. Dvalartímar eru breytilegir eftir óskum foreldra 4,5,6,7 og 8 klst. Opnunartími er frá kl. 7:45-16:00. Dvalartími barns á leikskólanum er að lágmarki 4 dagar í viku í minnst 9 mánuði á ári. Ef foreldrar óska eftir breytingum á umsömdum vistunartíma skal ósk þar um berast til leikskólustjóra með 30 daga fyrirvara og miðast við mánaðarmót.

Foreldrar greiða leikskólagjald frá þeim tíma sem barnið er skráð í leikskólann. Þó barnið nýti ekki skráðan leikskólatíma vegna orlofs, veikinda eða annarra aðstæðna greiðist fullt leikskólagjald samt sem áður. Fæðisgjald er felld niður vegna fjarveru barns sé látið vita um fjarveruna fyrirfram og hún nemi a.m.k. fimm samfelldum virkum dögum. Sama á við um veikindi sé skilað inn læknavottorði. Dragist greiðsla á leikskólagjöldum í 3 mánuði er litið svo á, að undangenginni viðvörðun frá leikskólustjóra/innheimtuaðila, að leikskólaplássi hafi verið sagt upp og því megi ráðstafa.

Starfsfólk leikskólans starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla svo og öðrum lögum sem fjalla um umönnun barna. Einnig er tekið mið af starfsmannastefnu Hrunamannahrepps og siðareglum kennara.

Með ósk um gott samstarf

Starfsfólk Leikskólans Undralands
2018-2019

